

Aðalfundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

6.10.2020

Mættir: Inga María Sigurðardóttir, Bára Tómasdóttir, Andrea Ýr Arnarsdóttir, María Ragnarsdóttir og Ásta Jóna Ásmundsdóttir.

Ingibjörg Sigmundsdóttir formaður sat fundinn rafrænt.

Fundurinn var í fjarfundi og voru 7 foreldrar viðstaddir.

Fundur settur kl. 20.

Farið yfir hvað foreldrafélagið var að gera á sl. ári.

Farið yfir ársreikninga og þeir samþykktir.

Enginn gaf kost á sér í aðalstjórn né varastjórn og aðilar í bæði stjórn og varastjórn tilbúnir að halda áfram.

Í dagskrárliðnum önnur mál var farið yfir samstarfsáætlun foreldra og skóla sem kom frá Heiðarskóla. Foreldrar hvattir til að gefa kost á sér við að lesa yfir áætlunina og koma með ábendingar. Elín Ósk Gunnarsdóttir fram krafta sína.

Foreldrar hvattir til að koma með hugmyndir um hvað sé hægt að gera í covid ástandi í stað vor/hausthátíðar. Ein hugmynd kom um jólaball ef covid leyfir. Foreldrar hvattir til að hugsa málið og koma hugmyndum áfram til stjórnarmanna í gegnum facebook síðu foreldrafélagsins eða í tölvupósti.

Fundi með foreldrum lokið kl. 20:20.

Stjórnin sat áfram og ræddi nokkur mál.

Farið yfir samstarfsáætlun foreldra og Heiðarskóla 2020 – 2021 – drög. Ánægja með að formfesta skipulagið í kringum nemendur og foreldra þeirra. Foreldrafélagið er mjög ánægt með skipulag í kringum skólasetningu að hausti, að kennarar hringi í foreldra áður en að skólasetningu kemur. Sérstaklega þar sem viðbúið er að covid verði að hafa einhver áhrif í nánustu framtíð og foreldrar geti áfram minna komið inní skólana. Einnig að skýrðir verkferlar verði innan skólans ef upp koma mál er varða einstaka nemendur. Svo dæmi séu tekin. Fram kemur í samstarfsáætlun að stjórn foreldrafélagsins sjái um páskabingó/línuhappdrætti en það hefur ekki verið svo. Verður það rætt við stjórnendur.

Þetta skólaárið verður Bára gjaldkeri, Ásta ritari og Ingibjörg verður formaður.

Í fræðslunefnd verður Berglind Sigurðardóttir og Andrea verður út október en María tekur svo við af henni.

Ákveðið að Bára gjaldkeri muni senda út gjöld fyrir foreldrafélagið, einn reikningur á heimili barna.

Umræður um stöðu á tilraunaverkefni sem fór í gang á síðasta skólaári um starfsmann í Akranesrúttunni á heimleið. Ákveðið að senda fyrirspurn um það verkefni til fræðslunefndar.

Einnig umræður um fagaðila í skólunum. Ákveðið að senda fyrirspurn á sveitarstjórn og fræðslunefnd um hvort það séu fyrirætlanir um að ráða þroskaþjálfara í sveitarfélagið vegna þjónustu við fötluð börn. Ljóst sé að skv. 26. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir beri sveitarfélaginu að hafa þroskaþjálfara í sveitarfélaginu.

Fundi slitið kl. 21:30.